

Um nokkur atriði í ritvinnsluforritinu *Orði*

Námskeið á vegum ritvers
Menntavísindsviðs

BS, janúar 2009

1 Skipanasvæði

Heim (Home): Letur, málgrein, stílsnið, leita/breyta

Setja inn (Insert): Síður, dót, síðuhaus/fótur, textarammi

Útlit síðu (Page layout): Uppsetning síðu (*skil/break*), málgrein, röðun á myndefni

Tilvísanir (Reference): Efnisyfirlit, neðanmálgreinar, heimildaskrá, skýringartextar, skrár

Yfirllestur (Review): Prófarkalestur, athugasemdir, breytingar

Sýna (Show): Skjalayfirlit, sýna/fela, aðdráttur, gluggi

2 Innsláttur texta

Frumstæður innsláttur: arfur ritvélarinnar.

Muna: Eitt stafbil á eftir punkti.

2.1 Tvö mikilvæg ósýnileg ták

Málgreinarmerki/vendir (paragraph mark/return): Er sett við greinaskil. Geymir allar skilgreiningar, afmarkar hverja færslu.

Línuskilamerki/Skipti+vendir (manual line feed/shift+return) býr til línuskil, en ekki greinaskil.

Það sem ekki má:

- **Ekki nota aukalínu** til að setja bil milli efnisgreina/lína.
- **Ekki nota dálkastilli** eða stafbil til að hliðra texta.
- **Aldrei slá tvisvar** á sama lykil: *stafbil*, *málgreinarmerki* og *dálkamerki*

Strikafræði: Gera greinarmun á *bandi* (-hyphen), *striki* (- en-dash) og *bankastriki* (— em-dash), *hverfulu bandi* (optional hyphen) og *föstu bandi* (non breaking hyphen)

Skipta milli lína með *lausu bandi*.

Leita-breyta (find-replace): Ómissandi aðgerð við að lagfæra margt.

3 Mótun texta

Mikilvægt að hafa *vald* á útliti texta. Skiptir máli að slá textann rétt inn og móta hann skynsamlega: nota ákveðnar skilgreiningar, en ekki of margar.

Móta (format)

Letur (font)

Efnisgrein (paragraph)

Hluti (section)

Skjal (document)

4 Stílsnið (style sheet)

Sniðgluggi til hægri

Afbrigði af sniði: **+skáletur**, **+feitletur**

Innbyggð snið og eigin snið

Móta snið (format style), breyta, uppfæra

Skilgreina venjulegt snið texta (normal style)

Venjulegt snið: Normal (önnur snið byggjast á venjulegu sniði. Breyting á því getur breytt öllum textasniðum í skjalinu.

- Letur: Skilgreina *sjálfgefið letur* (default): Calibri í meginmáli, Cambria í fyrirsögnum
- Móta *efnisgrein* (format paragraph)
- Línubil: Einfalt eða 1,5
- Bil á undan og eftir
- Inndregnar/hangandi línur (intent/hanging)

5 Sýna > Efnisskipan

Fyrirsagnir og efnisyfirlit

Grundvallareining: Efnisgrein (öll eða fyrsta lína)

Greinarmunur á fyrirsögn og texta

Ekki punktur á eftir fyrirsögn

Tölusetningarkerfi tölusetur kafla

Efnisyfirlit (Table of contents TOC): Tilbúið eða eigin stillingar

6 Framhald

Nú verðið þið að halda áfram með því að nota hjálpina í forritinu sjálfu. Þar kynnist þið betur hverri skipun. Verið óhrædd við að prófa og fikta. Við mælum með að þið takið afrit af skjalinu áður en þið byrjið að fikta við nýjar skipanir.

Gangí ykkur vel!

